

## 5. gr.

Hitaveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Suðurnesja hf., sbr. lög nr. 10, frá 19. mars 2001 um Hitaveitu Suðurnesja hf. og sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felldri eldri gjaldskrá sama efnis nr. 598, 20. júlí 2001 og gjaldskrá Bæjarveitna Vestmannaeyja fyrir raforku, nr. 598, 20. júlí 2001.

*Iðnaðarráðuneytinu, 20. júní 2003.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## GJALDSKRÁ

**Hitaveitu Suðurnesja hf. fyrir heitt vatn.  
Vestmannaeyjar.**

### I. KAFLI

#### 1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari.

#### 2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu mælt með þar til gerðum magnmælum.

### II. KAFLI

#### 3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal húseigandi greiða samkvæmt magnmæli.

Þar til mælir hefur verið settur upp eða ef mælir bilar, áætlað hitaveitan vatnsnotkunnina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Til húshitunar:

VM1 .....	169,29	(192,99) kr. pr. tonn
Niðurgreitt allt að 1.111 m <sup>2</sup> .....	91,80	
VM2 m <sup>3</sup> .....	42,33	( 48,26) kr. pr. tonn
Niðurgreitt á m <sup>2</sup> .....	22,95	
VM2 kWh .....	2,82	( 3,22) kr. pr. tonn
Niðurgreitt á kWh .....	1,53	

Til annarra nota:

VM3 m <sup>3</sup> .....	117,57	(134,03) kr. pr. tonn
VM4 m <sup>3</sup> .....	29,41	( 33,52) kr. pr. tonn
VM4 kWh .....	1,96	( 2,23) kr. pr. tonn

#### 4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli á ári:

MV1 Fyrir mæla allt að 3/4" .....	9.585,00	(10.927,00) kr.
MV2 Fyrir mæla eða hemla 1" – 2" .....	19.096,00	(21.770,00) kr.
MV3 Fyrir mæla eða hemla 3" og stærri .....	38.284,00	(43.644,00) kr.

#### 5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. má krefja mánaðarlega.

#### 6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

#### 7. gr.

Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

*Rúmmál húss*

*utanmál (m<sup>3</sup>) Heimæðargjald*

Allt að 400	kr. 106.090,00 (120.943,00)	
400 - 2.000	kr. 106.090,00 (120.943,00)	fyrir 400 m <sup>3</sup> + 86,57 (98,69) kr./ m <sup>3</sup> þar yfir.
2.000 - 6.000	kr. 244.604,00 (278.849,00)	fyrir 2.000 m <sup>3</sup> + 71,19 (81,16) kr./ m <sup>3</sup> þar yfir.
6.000 - 10.000	kr. 529.389,00 (603.504,00)	fyrir 6.000 m <sup>3</sup> + 62,99 (71,81) kr./ m <sup>3</sup> þar yfir.
Yfir 10.000	kr. 781.353,00 (890.742,00)	fyrir 10.000 m <sup>3</sup> + 54,80 (62,47) kr./ m <sup>3</sup> þar yfir.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða ..... 13.155,00 (14.997,00) kr.  
í aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

#### 8. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest sé ekki áformað að hita hluta húsnæðis.

### III. KAFLI

#### 9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda.

#### 10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vanggreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilum veldur .. 3.183,00 (3.628,00) kr.  
hverju sinni.

## 11. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirætlum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar misnotkun á heita vatninu.

## 12. gr.

Virðisaukaskattur, 14,0%, bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á sölu vatns til annars en húshitunar þar sem virðisaukaskatturinn er 24,5%. Gjöld að viðbættum virðisaukaskatti eru sýnd í svíga.

## IV. KAFLI

## 13. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Suðurnesja, sbr. lög nr. 10, 19. mars 2001 um Hitaveitu Suðurnesja hf. og sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felldri gjaldskrá sama efnis nr. 702, 21. september 2001, með síðari breytingum og gjaldskrá Bæjarveitna Vestmannaeyja fyrir heitt vatn, nr. 597, 20. júlí 2001.

*Iðnaðarráðuneytinu, 20. júní 2003.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Guðrún Skúladóttir.*

**GJALDSKRÁ****vegna hunda- og kattahalds í Fellahreppi.**

## 1. gr.

Hunda- og kattaeigendur sem búsettir eru innan þéttbýlis í Fellahreppi, skulu greiða leyfisgjald skv. lið b, gr. 2.1 í samþykkt um hundahald og samþykkt um kattahald í Fellahreppi, sem staðfestar voru af umhverfisráðuneytinu 20. júní 2003.

## 2. gr.

Af hundum skal innheimta hundaleyfisgjald skv. 1. gr. að upphæð kr. 9.000 á hvern hund við skráningu. Síðan skal innheimta hundaleyfisgjald að upphæð kr. 6.500 á hvern skráðan hund á ári.

Af köttum skal innheimta kattaleyfisgjald skv. 1. gr. að upphæð kr. 7.500 á hvern kött við skráningu. Síðan skal innheimta kattaleyfisgjald að upphæð kr. 5.000 á hvern skráðan kött á ári.

Heimilt er að lækka hundaleyfis- og kattaleyfisgjald sem nemur ársiðgjaldi ábyrgðartryggingar dýrsins.

Innifalið í leyfisgjaldi er hreinsunargjald hjá dýralækni og ein örmerking hundar eða kattar hjá dýralækni.